

Kirkjuþing 2023-2024

8. mál - þskj. 8b

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022 með síðari breytingu.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Bryndísi Möllu Elíadóttur, Einari Má Sigurðarsyni og Margréti Eggertsdóttur.

Frsm. Margrét Eggertsdóttir.

1. gr.

2. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Biskup Íslands og vígslubiskupar skulu kjörnir til sex ára í senn, þeir geta þó ekki setið nema þrjú tímabil samfellt. Kjörtímabil rennur þó sjálfkrafa út frá og með næstu mánaðamótum eftir að biskup nær 70 ára aldri.

Rökstudd beiðni studd í það minnsta einum þriðja þeirra sem eru á kjörskrá, um að efnt skuli til kosninga, skal berast kjörstjórn í síðasta lagi sex mánuðum áður en tímabili lýkur og þá fara fram tilnefningar. Berist engin slík beiðni og sitjandi biskup tilkynnir vilja til áframhaldandi setu í embættinu, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann að öðru leyti kjörgengisskilyrðum skv. 1. gr.

2. gr.

11. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Hver leikmaður á kirkjuþingi og vígður maður sem kosningarréttar nýtur skv. 4. gr. hefur rétt á að tilnefna allt að þrjá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 1. gr. til kjörs biskups Íslands.

Við kosningu vígslubiskups hefur hver leikmaður á kirkjuþingi sem tilheyrir því umdæmi sem kosið er í og vígður maður sem kosningarréttar nýtur skv. 5. gr. rétt á að tilnefna allt að þrjá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 1. gr. til kjörs vígslubiskups.

Tilnefning skv. 1. og 2. mgr. skal hefjast a.m.k. fimm vikum áður en kjör til biskups Íslands eða vígslubiskups hefst.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkti endurskoðaðar starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa. Mikil samstaða var á þinginu um reglurnar og almenn ánægja með þær breytingar sem gerðar voru. Helsta breytingin var sú að þar sem biskupar eru ekki lengur skipaðir til fimm ára var sett inn í starfsreglurnar að þeir væru kosnir til sex ára í senn með sjálfkrafa endurkjöri væri enginn í framboði á móti sitjandi biskupi eða vígslubiskupi. Ljóst er að ákveðin vandkvæði eru á þessu ákvæði starfsreglnanna og ekki ljóst eins og það er nú orðað hvenær eða hvort fara eigi fram á kosningu ef sitjandi biskup óskar eftir því að gegna embættinu áfram. Flutningsmenn leggja því fram tillögu að breytingu sem taki af allan vafa um það hvernig biskup verði rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu og jafnframt hvernig kalla megi eftir kosningu. Flutningsmenn telja rétt að það sé í höndum kjörmanna að óska eftir kosningu ef sitjandi biskup óskar eftir endurkjöri. Einnig telja flutningsmenn rétt að tilgreina þann árafjölda sem biskup getur setið samfelld í embætti. Jafnframt er lögð fram sú tillaga að allir kirkjuþingsfulltrúar hafi rétt á því að tilnefna biskup. Telja flutningsmenn að með því sé undirstrikuð eining kirkjuþings og ábyrgð þess gagnvart þjóðkirkjunni. Það sé einnig styrkur fyrir nýkjörinn biskup að hafa verið einn af þeim sem hlaut tilnefningu eftir að allir kirkjuþingsfulltrúar hafi tekið þátt í tilnefningaferlinu.

Um 1. gr.

Hér er lögð til sú breyting að skýrt er kveðið á um hvenær efnt skuli til kosninga um kjör biskups Íslands og vígslubiskupa og hvenær ekki. Það sé í höndum kjörmanna að óska eftir kosningu og færa fyrir því rök. Einnig þykir rétt að leggja til að tilgreind sé lengd þess tímabils sem biskup Íslands og vígslubiskupar geti setið samfelld í embætti.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að leikmönnum á kirkjuþingi sé gefinn réttur til þess að tilnefna ásamt vígðum þjónum fulltrúa til kjörs biskups Íslands og vígslubiskupa. Með því er lögð áhersla á einingu kirkjuþings og þá ábyrgð sem kirkjuþingsfulltrúar bera gagnvart þjóðkirkjunni.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa,